

Fundargerð

Mánudaginn 12. október 2009 kl. 10:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Jón Gíslason, Valgeir Karlsson og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009**
- 2. Samningur SSNV og byggðasamlagsins**
- 3. Samningur Textílsetursins og byggðasamlagsins**
- 4. Framkvæmdaáætlun Kvennaskólans**
- 5. Úttekt á Árbraut 33 og 35**
- 6. Héraðsskjalasafnið**
- 7. Atvinnumál**
- 8. Önnur mál**

Afgreiðslur:

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009

Fjármálastjóri Blönduósbæjar mætti á fundinn og gerði grein fyrir tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.

Umræður urðu um áætlunina og var henni vísað til frekari úrvinnslu.

2. Samningur SSNV og byggðasamlagsins

Lagður var fram leigusamningur vegna skrifstofuaðstöðu atvinnufulltrúa SSNV á Blönduósi. Leigusamningurinn er á milli Blönduósbæjar og byggðasamlagsins.

Leigusamningurinn var samþykktur.

3. Samningur Textílsetursins og byggðasamlagsins

Lagður var fram leigusamningur milli byggðasamlagsins og Textílsetursins, en aðsetur Textílsetursins er í Kvennaskólanum.

Stjórnin samþykkir leigusamninginn fyrir sitt leyti.

4. Framkvæmdaáætlun Kvennaskólans

Framkvæmdastjóri kynnti drög að framkvæmda- og kostnaðaráætlun Kvennaskólans til ársins 2012.

Lögð fram til kynningar.

5. Úttekt á Árbraut 33 og 35

Kynnt var úttekt á viðhaldspörf v. Árbrautar 33 og 35.

Lögð fram til kynningar.

6. Héraðsskjalasafnið

Lögð fram tvö erindi frá Héraðsskjalverði, dags. 24. ágúst og 5. október sl. Þar er óskað eftir viðbótar fjármunum til viðhalds og auknu starfshlutfalli starfsmanns.

Stjórnin óskar eftir frekari kostnaðargreiningu og felur framkvæmdastjóra að vinna hana í samvinnu við Héraðsskjalavörð.

7. Atvinnumál

Framkvæmdastjórifór yfir framvindu mála varðandi gagnaver á Blönduósi.

8. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:20.